

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2096**2017/EES/31/08****frá 30. nóvember 2016**

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1254/2009 að því er varðar tiltekna viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reynslan af framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 ⁽²⁾ hefur sýnt að nauðsynlegt er að skýra kröfuna um áhættumat og vera nákvæmari varðandi tegundir starfsrækslu í tilteknum flokkum flugumferðar sem taldir eru upp í þessari reglugerð í því skyni að auka skýrleika laga til að koma í veg fyrir ólíka túlkun á löggjöfinni.
- 2) Í undantekningartilvikum og að teknu tilliti til sérstaks eðlis flugsins, ættu aðildarríkin að eiga kost á því að víkja frá þyngdartakmörkununum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1254/2009, að því er varðar tiltekna flokka flugs. Slíkar undanþágur ættu að byggjast á sértæku áhættumati og heimila öðrum aðildarríkjum, sem taka á móti slíku flugi, að krefjast fyrirframtilkynningar eða að þau veiti fyrirframsamþykki.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1254/2009 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1254/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrsta málsliðar 1. gr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, og samþykkja annars konar verndarráðstafanir sem veita fullnægjandi vörn á grundvelli áhættumats sem samþykkt er af hlutaðeigandi yfirvaldi á flugvöllum eða afmörkuðum svæðum flugvalla þar sem umferð takmarkast við einn eða fleiri eftirfarandi flokka:“

- 2) Í stað 3. liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ríkis-, her- og löggæsluflug.“

- 3) Eftirfarandi 10., 11. og 12. liður komi í stað 10. liðar 1. gr.:

„10. flug loftfara með hámarksflugtaksmassa undir 45 500 kg, í eigu fyrirtækis til flutnings á eigin starfsfólki og farþegum sem ekki greiða fargjald og á vörum sem er liður í starfsemi fyrirtækis,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2016, L 326, 1.12.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stj. 2008, L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 frá 18. desember 2009 um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir (Stj. 2009, L 338, 19.12.2009, bls. 17).

11. flug loftfara með hámarksflugtaksmassa undir 45 500 kg sem fyrirtæki leigir í heild sinni af umráðanda loftfars sem það hefur gert skriflegan samning við til flutnings á eigin starfsfólki og farþegum sem ekki greiða fargjald og á vörum, sem er liður í starfsemi fyrirtækis,
 12. flug loftfara með hámarksflugtaksmassa undir 45 500 kg til flutnings á eiganda loftfarsins og farþegum sem ekki greiða fargjald og á vörum.“
- 4) Í 1. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„Að því er varðar flug, sem falla undir 10., 11. og 12. lið, en eru með hámarksflugtaksmassa sem er 45 500 kg eða þar yfir, getur hlutaðeigandi yfirvald í undantekningartilvikum, sem byggist á áhættumati fyrir hvert einstakt tilvik, vikið frá þyngdartakmörkunum sem mælt er fyrir um í þessum flokkum. Aðildarríki, sem taka á móti flugi sem er 45 500 kg eða þar yfir geta krafist fyrirframtilkynningar, sem getur falið í sér afrit af áhættumatinu, sem framkvæmt var, eða að þau veiti fyrirframsamþykki. Kröfu um fyrirframtilkynningu eða -samþykki skal senda skriflega til allra hinna aðildarríkjana.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
